

AUGLÝSING

um samning milli Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES um gagnkvæma viðurkenningu samræmisvottorða fyrir búnað um borð í skipum.

Hinn 30. desember 2005 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings milli Bandaríkjanna Norður-Ameríku og EFTA-ríkjanna innan EES um gagnkvæma viðurkenningu samræmisvottorða fyrir búnað um borð í skipum sem gerður var í Washington 17. október 2005. Samningurinn öðlaðist gildi 1. mars 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR MILLI BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU OG EFTA-RÍKJANNA INNAN EES UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU SAMRÆMISVOTTORÐA FYRIR BÚNAÐ UM BORÐ Í SKIPUM

FORMÁLSORÐ

Bandaríki Norður-Ameríku annars vegar og Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noregur (EFTA-ríkin innan EES) hins vegar,

SEM HAGA Í HUGA að Bandaríki Norður-Ameríku (Bandaríkin) og EFTA-ríkin innan EES hafa um langan aldur verið tengd vináttuböndum,

SEM ÓSKA ÞESS að greiða fyrir viðskiptum sín á milli með búnað um borð í skipum og auka skilvirkni stjórnsýsluaðgerða hvers samningsaðila um sig,

SEM GEFA GAUM þeim tækifærum sem afnám ónauðsynlegs tvíverknaðar hefur í för með sér fyrir umsýsluaðila,

SEM VEKJA ATHYGLI á sameiginlegum skyldum sem samningsaðilar hafa að gegna og lúta að því starfi sem fer fram á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO),

SEM HAGA Í HUGA að markmið samningsaðila er að auka öryggi á hafi úti og að koma í veg fyrir mengun hafsins,

SEM ERU ÁSÁTT, annars vegar, um að samningar um gagnkvæma viðurkenningu geti stuðlað að aukinni samræmingu staðla á alþjóðavísu,

SEM HAGA Í HUGA, hins vegar, að ákvörðun um jafngildi þýði að tekið sé fullt tillit til þess að markmiðum laga og reglugerða samningsaðilanna verði náð og að slík ákvörðun muni ekki leiða til þess að stig öryggis og verndunar hvers og eins lækki,

SEM ERU ÁSÁTT UM að gagnkvæm viðurkenning samræmisvottorða, byggð á jafngildi reglugerða Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES um búnað um borð í skipum, sé heppileg aðferð til þess að auka markaðsaðgang á milli þeirra,

SEM ERU ÁSÁTT UM að samningar, þar sem kveðið er á um gagnkvæma viðurkenningu, eru einkum til hagsbóta fyrir litil og meðalstór fyrirtæki í Bandaríkjunum og EFTA-ríkjunum innan EES,

SEM ERU ÁSÁTT UM að forsenda hvers kyns gagnkvæmrar viðurkenningar er tiltrú á áframhaldandi trúverðugleika samræmismats af hálfu Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES,

SEM HAGA Í HUGA að samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir, sem fylgir samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni hvattir til þess að hefja viðræður um gerð samninga um gagnkvæma viðurkenningu niðurstaðna samræmismats hvers um sig og til þess að skoða með velvilja að fallast á að tæknireglugerðir annarra aðila að stofnuninni jafngildi þeirra eigin, að því tilskildu að þeir séu þess fullvissir að þessar reglugerðir nái tilgangi og markmiðum þeirra eigin reglugerða svo fullnægjandi sé, og

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. KAFLI SKILGREININGAR OG MARKMIÐ

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Eftirfarandi hugtök og skilgreiningar gilda í þessum samningi:
 - a) „**Samræmisvottorð**“ merkir skjal eða skjöl sem samræmismatsstofa samningsaðila gefur út og staðfestir að vara uppfylli viðeigandi laga- og stjórnsýsluskilyrði þess samningsaðila. Í Bandaríkjunum er átt við gerðarviðurkenningavottorð sem Bandaríska strandgæslan gefur út. Í EFTA-ríkjunum innan EES er átt við vottorð, viðurkenningar eða yfirlýsingar sem kveðið er á um í tilskipun 96/98/EB sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn sbr. 1. lið XXXII. kafla II. viðauka við hann.
 - b) „**Samræmismatsstofa**“ merkir lögaðila, hvort sem um ræðir umsýslustofnun eða aðra stofnun, opinbera eða einkarekna, sem hefur umboð til þess að gefa út samræmisvottorð. Að því er varðar samning þennan eru samræmismatsstofur hvers og eins samningsaðila þær er um getur í 6. gr.
 - c) „**Jafngildi tæknireglugerða**“ merkir að bandarískar tæknireglugerðir og tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, sem varða tiltekna vöru, eru nógu sambærilegar til þess að tryggja sé að markmiðum með viðeigandi reglugerðum hvors viðsemjanda um sig sé náð. Jafngildi tæknireglugerða þýðir ekki að gerð sé krafa um að tæknireglugerðir hvers og eins samningsaðila séu eins.
 - d) „**EFTA-ríkin innan EES**“ merkir þau aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eiga aðild að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði (EES-samningnum), þ.e. lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noreg.
 - e) „**Samningsaðili**“ merkir, eftir atvikum, Bandaríkin, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein eða konungsríkið Noreg.
 - f) „**Alþjóðlegir gerningar**“ merkir viðeigandi alþjóðlega samninga, ályktanir, reglur og umburðarbréf Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og viðeigandi prófunarstaðla sem eru taldir upp í II. viðauka.
 - g) „**Umsýslustofnun**“ merkir stjórnarstofnun eða aðra stofnun sem fer með umboð til þess að gefa út reglugerðir um mál er varða öryggi á hafi úti og það að koma í veg fyrir mengun hafsins, lagalegan rétt til þess að fylgjast með notkun eða sölu búnaðar um borð í skipum í lögsögu samningsaðila og hefur heimild til þess að grípa til aðgerða til að tryggja að vörur, sem eru markaðssettar í lögsögu hans, uppfylli gildandi ákvæði laga. Umsýslustofnanir hvers og eins samningsaðila eru tilgreindar í III. viðauka.
 - h) „**Viðsemjandi**“ merkir, eftir atvikum, Bandaríkin eða EFTA-ríkin innan EES.
 - i) „**Tæknireglugerðir**“ samanstanda af ófrávíkjanlegum kröfum sem vörur þurfa að uppfylla, prófunar- og gæðastöðlum og samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í laga- og stjórnsýslufyrirmælum Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES sem lúta að búnaði um borð í skipum, ásamt gildandi viðmiðunarreglum um hvernig þeim skuli beitt.
2. Í samningi þessum skal merking annarra hugtaka á sviði samræmismats vera sú sem þeim er gefin annars staðar í samningi þessum eða í skilgreiningum í 2. leiðbeiningariti (útgáfu frá 1996) Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðaraftækninefndarinnar (IEC). Komi fram

ósamræmi milli 2. leiðbeiningabókar ISO/IEC og skilgreininga í samningi þessum skulu skilgreiningarnar í samningnum gilda.

2. gr.

Markmiðið með samningnum.

1. Í samningi þessum er kveðið á um með hvaða skilyrðum Bandaríkin annars vegar og EFTA-ríkin innan EES hins vegar skulu viðurkenna samræmisvottorð sem samræmismatsstofur hins viðsemjandans gefa út þegar mat fer fram á því hvort þeirra eigin kröfum sé fullnægt, eins og þær eru tilgreindar í I. viðauka, hér á eftir nefnt „gagnkvæm viðurkenning“.
2. Í samningi þessum eru og rammaákvæði um samvinnu á sviði reglusetningar í því augnamiði að viðhalda og þróa gagnkvæma viðurkenningu milli Bandaríkjanna og EFTA-ríkjanna innan EES á ákvæðum laga og reglna hvors um sig um búnað um borð í skipum, að hvetja til þess að ákvæði laga og reglna séu betrubætt og eflað í því skyni að auka öryggi á hafi úti og koma með betri ráðum í veg fyrir mengun sjávar og að tryggja að ákvæðum samnings þessa sé beitt með samræmdum hætti. Fyrirnefnd samvinna hefur hvorki áhrif á fullt sjálfstæði hvers samningsaðila um sig til reglusetningar né stefnumið og reglusetningu hvors viðsemjanda um sig sem eru í mótun né heldur sameiginlegar skyldur sem samningsaðilar hafa að gegna og lúta að þróun viðeigandi alþjóðlegra gerninga.
3. Samningi þessum er ætlað að þróast jafnhliða því að áætlanir og stefnumið viðsemjendanna tveggja þróast. Samningsaðilar skulu taka ákvæði samnings þessa reglulega til endurskoðunar í því skyni að leggja mat á framfarir og koma auga á með hvaða hætti megi efla samninginn. Við endurskoðun samningsins skulu samningsaðilar einkum veita þróun alþjóðlegra gerninga athygli.

2. KAFLI

GAGNKVÆM VIÐURKENNING

3. gr.

Meginskuldbindingar.

1. Bandaríkin skulu, að því er varðar þær vörur sem taldar eru upp í II. viðauka, samþykkja að samræmisvottorð, sem samræmismatsstofur EFTA-ríkjanna innan EES gefa út í samræmi við laga- og stjórnsluákvæði þeirra ríkja, séu í samræmi við eigin laga- og stjórnsluákvæði, eins og þau eru tilgreind í I. viðauka, án þess að frekara samræmismat sé gert.
2. EFTA-ríkin innan EES skulu, að því er varðar hverja slíka vöru, samþykkja að samræmisvottorð, sem samræmismatsstofa Bandaríkjanna gefur út í samræmi við bandarísk laga- og stjórnsluákvæði, séu í samræmi við eigin laga- og stjórnsluákvæði, eins og þau eru tilgreind í I. viðauka, án þess að frekara samræmismat sé gert.
3. Tæknireglugerðir, sem gilda í Bandaríkjunum og EFTA-ríkjunum innan EES um hverja slíka vöru að því marki sem gildissvið samnings þessa nær til hennar, eru tilgreindar í II. viðauka.

4. gr.

Jafngildi tæknireglugerða.

1. Báðir viðsemjendur hafa ákveðið að tæknireglugerðir hvors um sig um hverja þá vöru sem er talin upp í II. viðauka séu jafngildar, eins og fram kemur í 3. gr.
2. Ákveði báðir viðsemjendur að útvíkka vörusvið II. viðauka skal byggja ákvörðun um jafngildi tæknireglugerða á því með hvaða hætti beiting viðeigandi alþjóðlegra gerninga endurspeglar í laga- og stjórnsluákvæðum hvors um sig, nema annar hvor viðsemjenda líti svo á að viðeigandi gerningur sé ónýtt eða óviðeigandi tæki til þess að ná markmiðum sínum á sviði laga og reglugerða. Í síðara tilvikinu skal ákvörðun um jafngildi tekin með gagnkvæmu samþykki.

5. gr.

Merking.

Hvorum viðsemjanda um sig er heimilt að viðhalda ákvæðum sínum um merkingu, númera-gjöf og sanngreiningu vara. Samræmismatsstofum EFTA-ríkjanna skal heimilt, með tilliti til vara sem eru taldar upp í II. viðauka, að úthluta merkjum og númerum, sem bandarísk lög og reglur kveða á um, eins og Bandaríska strandgæslan lætur þeim þau í té. Samræmismatsstofu Bandaríkjanna skal afhent kenninúmerið, sem kveðið er á um í tilskipun 96/98/EB sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn sbr. 1. lið XXXI. kafla II. viðauka við hann, eins og framkvæmda-stjórn Evrópubandalaganna úthlutar henni því. Kenninúmerið skal áfest næst þeirri merkingu sem fyrrnefnd tilskipun kveður á um.

6. gr.

Samræmismatsstofur.

1. Er gefa á út samræmisvottorð í samræmi við ákvæði þessa samnings gildir eftirfarandi:
 - a) Bandaríkin samþykkja tilkynntar samræmismatsstofur, sem EFTA-ríkin innan EES hafa tilnefnt samkvæmt tilskipun 96/98/EB sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn sbr. 1. lið XXXI. kafla II. viðauka við hann, sem samræmismatsstofur EFTA-ríkjanna innan EES;
 - b) EFTA-ríkin innan EES samþykkja Bandarísku strandgæsluna, ásamt þeim rannsóknarstofum sem hún hefur samþykkt samkvæmt reglugerð nr. 159.010 í 46. bálki safns alríkis-reglugerða (CFR), sem samræmismatsstofu Bandaríkjanna.
2. Hvor viðsemjandi um sig skal leggja svo fyrir að samræmismatsstofurnar, er um getir í 1. mgr., framkvæmi eftirfarandi með hliðsjón af þeim laga- og stjórnsýslufyrirmælum er um getur í I. viðauka:
 - a) prófi og gefi út prófunarskýrslur; og
 - b) votti starfsemi á sviði gæðatryggingar eða gæðatryggingarkerfi.
3. Umsýslustofnanir hvers samningsaðila um sig bera ábyrgð á eftirfarandi málsmeðferð en þeim er heimilt að fela samræmismatsstofum sínum sum eða öll þessara verkefna:
 - a) að bera hönnun tækjabúnaðar og niðurstöður prófana vandlega saman við tilgreinda staðla; og
 - b) að gefa út samræmisvottorð.
4. Aður en samningur þessi öðlast gildi skal hvor viðsemjanda láta hinum í té skrá sína um samræmismatsstofur. Hvor viðsemjandi um sig skal upp frá því tilkynna hinum án tafar um hverja breytingu sem er gerð á skránni um samræmismatsstofur.
5. Hver samningsaðili um sig skal gera kröfu um að samræmismatsstofur, er um getur í 1. mgr., skrái og varðveiti upplýsingar um athuganir á hæfni undirverktaka sinna og það hvort þeir hlíti settum kröfum og haldi skrá um alla undirverktöku. Hvor viðsemjandi um sig skal gera fyrrnefndar upplýsingar aðgengilegar hinum viðsemjandanum sé eftir þeim leitað.
6. Hver samningsaðili skal gera kröfu um að samræmismatsstofa geri afrit af samræmisvottorðum og tengdum tækniskjölum, sem hlutaðeigandi samræmismatsstofa hefur gefið út, aðgengileg umsýslustofnun að beiðni slíkrar stofnunar.

3. KAFLI**SAMEIGINLEGA NEFNDIN**

7. gr.

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd sem er skipuð fulltrúum hvers samningsaðila. Sameiginlega nefndin ber ábyrgð á skilvirkri framkvæmd samnings þessa.
2. Hvor viðsemjandi um sig skal fara með eitt atkvæði í sameiginlegu nefndinni. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu teknar með almennu samkomulagi. Sameiginlega nefndin skal setja sér starfsreglur.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að fjalla um hvert það mál er tengist skilvirkri framkvæmd samnings þessa. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er

á um í þessum samningi. Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hrinda slíkum ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar í framkvæmd. Sameiginlega nefndin skal einkum bera ábyrgð á eftirfarandi:

- a) að taka saman og viðhalda skránni í II. viðauka um vörur og tengd laga- og stjórnsýslu-ákvæði sem báðir viðsemjendur hafa ákveðið að séu jafngild;
 - b) að fjalla um mál og leysa vanda, sem kann að koma upp í tengslum við framkvæmd samnings þessa, m.a. áhyggjur þess efnis að tæknireglugerðir beggja viðsemjenda, sem gilda um tiltekna vöru í II. viðauka, séu ekki lengur jafngildar;
 - c) að fjalla um tæknileg mál og mál er varða samræmismat og tæknifræðileg málefni í því skyni að tryggja að samningi þessum sé beitt á afdráttarlausan hátt, einkum með tilliti til alþjóðlegra gerninga;
 - d) að breyta viðaukunum;
 - e) að veita leiðbeiningar og, ef nauðsyn krefur, taka saman viðmiðunarreglur í því skyni að auðvelda árangursríka framkvæmd og beitingu samnings þessa; og
 - f) að semja og viðhalda vinnuáætlun um samræmingu og samstillingu tæknireglugerða beggja viðsemjenda.
4. Sameiginlega nefndin getur komið á fót sameiginlegum vinnuhópum fulltrúa umsýslustofnana samningsaðila og sérfræðinga á viðkomandi sviðum, eftir þörfum, sem hafi það hlutverk að taka til umfjöllunar tiltekin mál, sem tengjast framkvæmd samnings þessa, og veita sameiginlegu nefndinni ráðgjöf um slík mál.

4. KAFLI SAMVINNA Á SVIÐI REGLUSETNINGAR

8. gr.

Viðvarandi valdsvið umsýslustofnana.

Eigi skal líta svo á að nokkuð í samningi þessum takmarki vald samningsaðila til þess að ákveða, með ráðstöfunum á sviði lagasetningar og stjórnsýslu, það verndarstig sem hann telur hæfilegt til þess að auka öryggi á hafi úti og draga úr mengun hafsins eða til þess að grípa, með öðrum hætti, til ráðstafana vegna áhættu innan þeirra marka sem kveðið er á um í samningi þessum.

9. gr.

Gagnkvæm miðlun upplýsinga og tengiliðir.

1. Umsýslustofnanir þær sem taldar eru upp í III. viðauka skulu finna viðeigandi leið til þess að skiptast á upplýsingum um framkvæmd samnings þessa.
2. Hver samningsaðili skal tilnefna að minnsta kosti einn tengilið, sem getur verið umsýslustofnun talin upp í III. viðauka, sem hefur það hlutverk að svara öllum réttmætum fyrirspurnum frá hinum viðsemjandanum og öðrum hagsmunaaðilum, t.d. framleiðendum, neytendum og starfsgreinasamböndum, um málsmeðferð, reglur og önnur mál er varða samning þennan. Báðir viðsemjendur skulu skiptast á skráum um tengilið og gera öllum slíkar skrár aðgengilegar.
3. Hvor viðsemjandi um sig skal gera skrána um vörur, sem samræmisstofa/stofur hans hefur/hafa gefið út samræmisvottorð fyrir, aðgengilega almenningi á Netinu og uppfæra hana reglulega.

10. gr.

Breytingar á reglum.

1. Innleiði annar hvor viðsemjenda nýjar tæknireglugerðir á sviði samnings þessa skal það gert á grundvelli gildandi alþjóðlegra gerninga, nema hann telji viðkomandi gerning gagnslaust eða óviðeigandi tæki til þess að ná markmiðum laga og reglugerða sinna.
2. Hvor viðsemjandi um sig skal tilkynna hinum um breytingar á tæknireglugerðum, sem tengjast viðfangsefni samnings þessa, minnst 90 dögum áður en þær öðlast gildi. Ef öryggis-, heil-

- brigðis- og umhverfisverndarsjónarmið kalla á brýnni aðgerðir skal sá viðsemjandi sem grípur til aðgerða tilkynna hinum um það eins fljótt og frekast er unnt.
3. Báðir viðsemjendur, og umsýslustofnanir þeirra, skulu skiptast á upplýsingum og hafa samráð sín á milli, eftir því sem lög og reglur hvors um sig heimila, um:
 - a) tillögur um að breyta eða innleiða nýjar tæknireglugerðir eins og mælt er fyrir um í laga- og stjórnsýslufyrirmælum hvors um sig sem vísað er til í eða eiga skylt við ákvæði sem eru talin upp í I. og II. viðauka;
 - b) tímanlega upptöku nýrra eða breyttra alþjóðlegra gerninga í laga- og stjórnsýslufyrirmæli hvors um sig; og
 - c) endurnýjun núgildandi samræmisvottorða þegar endurnýjun er nauðsynleg vegna breyttra eða nýrra laga- og stjórnsýslufyrirmæla.
 4. Hvor viðsemjandi um sig skal gefa hinum færi á að tjá sig um þær breytingar á reglugerðum er um getur í 1. til 3. mgr.
 5. Ef breytingar eru gerðar á laga- og stjórnsýslufyrirmælum, er um getur í I. og II. viðauka, skal sameiginlega nefndin taka til umfjöllunar hvort tæknireglugerðir viðvíkjandi vörum, sem taldar eru upp í II. viðauka, séu enn jafngildar í skilningi 2. mgr. 4. gr.
 - a) Komist sameiginlega nefndin að þeirri niðurstöðu að tiltekna tæknireglugerðir séu enn jafngildar skal viðkomandi vara skráð áfram í II. viðauka.
 - b) Komist sameiginlega nefndin að þeirri niðurstöðu að tiltekna tæknireglugerðir séu ekki lengur jafngildar skal tilvísunum til viðkomandi vöru og viðeigandi tæknireglugerða eytt úr II. viðauka og skal nefndin gefa út ákvörðun þar sem II. viðauki er uppfærður til að endurspeglar breytingarnar. Jafnskjótt og gagnkvæm viðurkenning hefur verið felld niður eru samningsaðilarnir ekki lengur bundnir af þeim skyldum er um getur í 3. gr. og eiga við um hina tilteknu vöru. Samningsaðilinn, sem er innflytjandi, skal samt sem áður viðurkenna áfram áður útgefin samræmisvottorð fyrir þær vörur sem hafa verið markaðssettar hjá honum áður en gagnkvæm viðurkenning var felld niður, nema umsýslustofnun fyrrnefnds samningsaðila ákveði annað af ástæðum er varða heilbrigði, öryggi eða umhverfið eða vangetu hins viðsemjandans til þess að uppfylla aðrar kröfur samkvæmt samningi þessum.
 - c) Geti sameiginlega nefndin ekki komið sér saman um hvort tiltekna tæknireglugerðir séu enn jafngildar skal, í samræmi við skilmála 15. gr., fella gagnkvæma viðurkenningu tímabundið niður með tilliti til fyrrnefndrar vöru.
 6. Báðir viðsemjendur skulu gera gilda útgáfu af II. viðauka aðgengilega á Netinu.

11. gr.

Samvinna á sviði reglusetningar.

1. Báðir viðsemjendur skulu vinna saman á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana á borð við Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO), Alþjóðarafatækninefndina (IEC) og Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) í því skyni að samþykkja og bæta alþjóðlegar reglur sem miða að því að auka öryggi á hafi úti og koma í veg fyrir mengun hafsins.
2. Báðir viðsemjendur munu meta til hvers kyns tæknilegrar vinnu, gagna- og upplýsingaskipta, samvinnu á sviði vísinda og tækni eða samvinnu í annarri mynd þeir geta stofnað sín á milli í því augnamiði að betrumbæta og færa skör ofar tæknireglugerðir sínar sem gilda um borð í skipum og nýta á skilvirkan hátt tilföng til þróunar á sviði reglusetningar.
3. Að því er varðar vörur, sem eru ekki taldar upp í II. viðauka sakir þess að þær voru ekki felldar inn í þann viðauka við gildistöku samnings þessa eða þess að jafngildi tæknireglugerða hefur verið felld niður eða fellt úr gildi tímabundið, skuldbindur hvor viðsemjenda sig til þess að yfirfara tæknireglugerðir sínar í því skyni að koma á gagnkvæmri viðurkenningu að því marki sem frekast er unnt. Báðir viðsemjendur skulu kappkosta að samræma tæknireglugerðir sínar, eftir því sem frekast er unnt og á grundvelli gildandi alþjóðlegra gerninga, og þannig leitast við að ná því markmiði innlendrar löggjafar sinnar að auka öryggi á hafi úti og koma betur í veg fyrir mengun hafsins.
4. Þegar báðir viðsemjendur hafa ákvarðað að tæknireglugerðir með tilliti til vara, sem eru ekki skráðar í II. viðauka, séu jafngildar skal sameiginlega nefndin taka ákvörðun um að breyta II. viðauka í samræmi við það.

12. gr.

Samvinna um samræmismat.

1. Fulltrúar beggja viðsejenda, þar með taldir fulltrúar umsýslustofnana hvors um sig, skulu ráðgjast sín á milli eftir því sem þurfa þykir til þess að tryggja að tiltrú á samræmismati og samræmismatsstofum sé við haldið. Sem dæmi um slíkt samráð má nefna samanburð á aðferðum til þess að ganga úr skugga um og fylgjast með tæknilegri hæfni og getu samræmismatsstofa og, að fengnu samþykki hlutaðeigandi samningsaðila, sameiginlega þátttöku í úttekt/skoðun sem tengist starfsemi á sviði samræmismats eða annars konar mati samræmismatsstofa.
2. Hvor viðsejandi um sig skal hvetja samræmismatsstofu sína eða -stofur til þátttöku í samræmingar- og samvinnuverkefnum sem hinn viðsejandinn skipuleggur.

5. KAFLI**EFTIRLITS- OG VERNDARADGERÐIR**

13. gr.

Eftirlit með samræmismatsstofum.

1. Hvor viðsejandi um sig skal tryggja að samræmismatsstofa hans eða -stofur skili þeim hlutverkum er um getur í 2. og 3. mgr. 6. gr. Hvor viðsejandi um sig skal, með tilliti til þessa og eftir því sem við á, viðhalda viðvarandi eftirliti með hverri slíkri samræmismatsstofu, eða sjá til þess að það sé gert, með reglubundnum úttektum eða mati;
2. Hafi annar viðsejandinn hlutlægar ástæður til þess að véfengja tæknilega hæfni samræmismatsstofu hins viðsejandans skal sá fyrrnefndi tilkynna hlutaðeigandi samningsaðila um það skriflega. Hlutaðeigandi samningsaðili skal leggja fram gögn tímanlega í því skyni að hrekja véfenginguna eða laga annmarka sem eru ástæða hennar. Beri nauðsyn til skulu báðir viðsejendur ræða málið innan sameiginlegu nefndarinnar. Ef viðsejendurnir tveir eru ófærir um að ná samkomulagi um hæfni samræmismatsstofunnar getur sá viðsejandi sem véfengir neitað að veita samræmismatsstofunni, sem er véfengd, merki sitt og/eða númer og neitað að viðurkenna samræmisvottorð sem hún gefur út.

14. gr.

Markaðseftirlit.

1. Eigi skal líta svo á að nokkuð í samningi þessum takmarki vald umsýslustofnunar til þess að grípa til viðeigandi og tafarlausra aðgerða:
 - a) hvenær sem hún kemst að því að vara, sem er skráð í II. viðauka, kunni ekki að fullnægja gildandi tæknireglugerðum hennar; eða
 - b) hvenær sem hún kemst að því að vara, sem er skráð í II. viðauka, kunni, jafnvel þótt hún fullnægi gildandi tæknireglugerðum hennar og þótt hún sé uppsett á réttan hátt, haldið við og notuð eins og til er ætlast, að spilla heilsu og/eða öryggi áhafnar, farþega eða, ef það á við, annarra einstaklinga eða umhverfi sjávar.

Þessar aðgerðir geta falist í því: að taka vöruna af markaði, banna markaðssetningu hennar, takmarka frjálstan flutning hennar, hefja innköllun vörunnar og koma í veg fyrir að slíkur vandi komi upp aftur, meðal annars með innflutningsbanni. Grípi umsýslustofnun til slíkra aðgerða skal hún tilkynna hinum viðsejandanum um það eigi síðar en fimmtán dögum frá því að til þeirra er gripið og greina frá ástæðum þess.
2. Ekkert í samningi þessum hindrar samningsaðila í því að fjarlægja vörur af markaði sem uppfylla ekki ákvæði tæknireglugerða hans í raun.
3. Ljúka ber landamæraeftirliti og athugunum á vörum, sem staðfest hefur verið með vottorði, áfestum merkimiða eða merkingu að séu í samræmi við kröfur samningsaðilans sem er innflytjandi, þ.e. kröfur sem eru tilgreindar í I. þætti, eins fljótt og auðið er. Ljúka ber hvers kyns eftirliti, sem tengist flutningi slíkra vara innan landsvæðis samningsaðila, á þann hátt sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem áþekkar innlendar vörur hljóta.

15. gr.

Tímabundin niðurfelling gagnkvæmrar viðurkenningar.

1. Telji annar viðsemjandinn að tæknireglugerðir hins séu, með tilliti til einnar vöru eða fleiri sem eru taldar upp í II. viðauka, ekki lengur jafngildar skal sá fyrrnefndi vísa málinu til sameiginlegu nefndarinnar og rökstyðja slíka tilvísun. Báðir viðsemjendur skulu ræða málið innan sameiginlegu nefndarinnar. Hafi sameiginlega nefndin ekki komist að niðurstöðu innan 60 daga frá því að málinu var vísað til hennar getur sá viðsemjandi sem vefengir aflétt tímabundið gagnkvæmri viðurkenningarkvöð með tilliti til þeirrar vöru, einnar eða fleiri, er um ræðir. Tímabundin niðurfelling skal standa uns sameiginlega nefndin ákveður annað.
2. Ef gagnkvæm viðurkenning er felld niður tímabundið skv. 1. mgr. með tilliti til einnar vöru eða fleiri skal sameiginlega nefndin uppfæra II. viðauka með ákvörðun sem lýtur að niðurfellingunni. Viðsemjendurnir skulu vinna saman að því, í samræmi við skilmála 11. gr., að koma aftur á jafngildi með tilliti til viðkomandi vöru einnar eða fleiri, að því marki sem frekast er unnt.
3. Jafnskjótt og gagnkvæm viðurkenning hefur verið felld niður tímabundið skv. 1. mgr. með tilliti til einnar vöru eða fleiri eru viðsemjendurnir tveir ekki lengur bundnir af þeim skyldum er um getur í 3. gr. og eiga við um hina tiltekna vöru eða vörur. Samningsaðili, sem er innflytjandi, skal samt sem áður viðurkenna áfram áður útgefin samræmisvottorð fyrir vöru eða vörur sem hafa verið markaðssettar hjá honum áður en gagnkvæm viðurkenning var felld niður tímabundið, nema umsýslustofnun fyrrnefnds samningsaðila ákveði annað af ástæðum er varða heilbrigði, öryggi eða umhverfið eða vangetu til þess að uppfylla aðrar kröfur sem kveðið er á um í samningi þessum.

16. gr.

Viðvörunarkerfi.

Báðir viðsemjendur skulu koma á gagnkvæmu viðvörunarkerfi á milli umsýslustofnana sinna í því skyni að tilkynna hvor öðrum um vörur sem komið hefur í ljós að uppfylla ekki gildandi tæknireglugerðir eða geta skapað yfirvofandi hættu fyrir heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

6. KAFLI VIÐBÓTARÁKVÆÐI

17. gr.

Trúnaðarskylda.

1. Hver samningsaðili skal viðhalda trúnaði um upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt samningi þessum, að því marki sem landslög hans leyfa. Samningsaðili skal einkanlega ekki opinbera, eða heimila samræmismatsstofu að opinbera, upplýsingar sem skipst er á samkvæmt samningi þessum og eru viðskiptaleyndarmál, trúnaðarupplýsingar um viðskipti eða fjármál eða upplýsingar um yfirstandandi rannsókn.
2. Viðsemjanda eða samræmismatsstofu er heimilt, jafnhliða því að hann eða hún lætur hinum viðsemjandanum eða samræmismatsstofu hans í té upplýsingar, að tiltaka þann hluta upplýsinganna sem hann eða hún telur að eigi skuli birta.

18. gr.

Gjöld.

Hver samningsaðili skal gera sér far um að tryggja að gjöld, sem samræmismatsstofur hans leggja á fyrir þjónustu á sviði samræmismats vegna vöru sem er fjallað um í samningi þessum, séu í réttu hlutfalli við þá þjónustu sem er veitt. Hvorugur viðsemjanda skal leggja á gjöld fyrir þjónustu á sviði samræmismats sem hinn viðsemjandinn veitir og samningur þessi fjallar um.

19. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Samningur þessi gildir annars vegar um aðferðir við samræmismat vöru á landsvæðum EFTA-rikkjanna innan EES og hins vegar um aðferðir við samræmismat vöru á landsvæði Bandaríkjanna.

2. Samningur þessi gildir, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., um vörur sem eru settar upp um borð í skipum sem er heimilt að sigla undir fána eins samningsaðila eða fleiri og eru í millilandasiðlingum, án tillits til þess hvar þau eru hverju sinni.

20. gr.

Samningar við önnur lönd.

Eigi skal líta svo á að viðsemjanda beri að samþykkja niðurstöður samræmismats, sem er gert á landsvæði aðila sem er ekki samningsaðili (þriðja aðila) samkvæmt samningi um gagnkvæma viðurkenningu sem hinn viðsemjandinn gerir við þann aðila, nema samningsaðilar geri skriflegan samning um annað.

7. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Gildistaka, breytingar og uppsögn.

1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er vörsluaðili hefur veitt tilkynningum frá öllum samningsaðilum viðtöku er staðfesti að lokið sé málsmeðferð hjá hverjum um sig sem er krafist til þess að samningurinn megi koma til framkvæmda.
2. Sameiginlega nefndin getur gert breytingar á samningi þessum eins og um getur í 7. gr. eða samningsaðilar samið um að honum verði breytt með öðrum hætti.
3. Samningsaðila er heimilt að segja sig frá samningi þessum með því að tilkynna hinum samningsaðilunum um það skriflega með sex vikna fyrirvara. Falli EFTA-ríki innan EES frá samningi þessum munu samningsaðilarnir, sem eftir eru, leitast við að breyta samningnum í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Ef samningsaðilarnir, sem eftir eru, eru ófærir um að ná samkomulagi um að breyta samningnum skal hann falla úr gildi sex mánuðum eftir tilkynningardag.
4. Samningsaðili skal, eftir að samningurinn er úr gildi fallinn, áfram samþykkja niðurstöður samræmismats, sem samræmismatsstofur gerðu samkvæmt samningi þessum áður en hann féll úr gildi, nema umsýslustofnun fyrrnefnds samningsaðila ákveði annað á grundvelli heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfissjónarmiða eða ef ekki tekst að uppfylla aðrar kröfur samkvæmt samningi þessum.

22. gr.

Vörsluaðili.

Ríkisstjórn konungsríkisins Noregs skal, sem vörsluaðili, tilkynna öllum samningsaðilum um það þegar hún hefur veitt öllum tilkynningunum, er um getur í 1. mgr. 21. gr., viðtöku.

23. gr.

Lokaákvæði.

1. Ákvæði samnings þessa hafa engin áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt öðrum milliríkjasamningum.
2. Samningsaðilarnir skulu endurskoða framkvæmd samnings þessa eigi síðar en tveimur árum eftir að hann öðlast gildi og reglulega eftir það.
3. Samningur þessi er gerður í fjórum frumritum á ensku.

Gjört í Washington, 17. október 2005.

Fyrir lýðveldið Ísland
Helgi Ágústsson

Fyrir Bandaríki Norður-Ameríku
Rob Portman

Fyrir furstadæmið Liechtenstein
Claudia Fritsche

Fyrir konungsríkið Noreg
Knut Vollebæk

I. VIDAUKI

Löggjöf, reglugerðir og stjórnáslufyrmæli.

- Löggjöf, reglugerðir og stjórnáslufyrmæli EFTA-ríkjanna innan EES:
Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum, ásamt áorðnum breytingum, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn sbr.1. lið XXXII. kafla II. viðauka við hann.
Samningsaðilarnir samþykkja að í „Leiðbeiningum um beitingu tilskipana sem byggist á hinni nýju aðferð og heildaraðferð“ séu gagnlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd, einkum og sér í lagi, samræmismats sem fellur undir tilskipun þessa.
- Bandarísk löggjöf, reglugerðir og stjórnáslufyrmæli.
Lagasafn Bandaríkjanna (U.S.C.) nr. 46, § 3306.
Safns alríkisreglugerða (CFR) nr. 46, 159. til 165. hluti.

II. VIDAUKI

Vörur sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu.

Björgunarbúnaður:

Vöruheiti	Gildandi alþjóðlegir gerningar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur ¹	Tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum	Bandarískar tæknireglugerðir
Björgunarringur með sjálfvirkum reymerkjum (skotbúnaður) Ath.: Fyrningardagsetning eigi síðar en 48 mánuðum eftir framleiðslumánuð.	Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, og 2.1.3; tilmæli um prófanir, liðir 4.1 til 4.5 og liður 4.8 í 1. hluta og 4. þáttur í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar (MSC) IMO nr. 980, þáttur 3.3.	A.1/1.3	Viðmiðunarreglur um samþykki „SOLAS“-skotbúnaðar, október 1998.
Svifblys (skotbúnaður) Ath.: Fyrningardagsetning eigi síðar en 48 mánuðum eftir framleiðslumánuð.	Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, og 3.1.; tilmæli um prófanir, liðir 4.1 til 4.6 og 4. þáttur í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 3.1.	A.1/1.8	Viðmiðunarreglur um samþykki „SOLAS“-skotbúnaðar, október 1998.
Handblys (neyðarblys) Ath.: Fyrningardagsetning eigi síðar en 48 mánuðum eftir framleiðslumánuð.	Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, og 3.2; tilmæli um prófanir, liðir 4.1 til 4.5 og liður 4.7 í 1. hluta og 4. þáttur í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 3.2.	A.1/1.9	Viðmiðunarreglur um samþykki „SOLAS“-skotbúnaðar, október 1998.
Flothæf reykdúfl (skotbúnaður) Ath.: Fyrningardagsetning eigi síðar en 48 mánuðum eftir framleiðslumánuð.	Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, og 3.3; tilmæli um prófanir, liðir 4.1 til 4.5 og liður 4.8 í 1. hluta og 4. þáttur í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 3.3.	A.1/1.10	Viðmiðunarreglur um samþykki „SOLAS“-skotbúnaðar, október 1998.

Vöruheiti	Gildandi alþjóðlegir gæringar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, atvísunúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
<p>Linubysa (skotbúnaður)</p> <p>Ath.: Fyrningardagsetning eigi síðar en 48 mánuðum eftir framleiðslumánuð.</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, og 7.1; tilmæli um prófanir, 9. þáttur í 1. hluta og 4. þáttur í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 7.1.</p>	<p>A.1/1.11</p>	<p>Viðmiðunarreglur um samþykki „SOLAS“-skotbúnaðar, október 1998.</p>
<p>Harður björgunarfleki.</p> <p>Ath.: Samningurinn fjallar ekki um öryggisumbúðir.</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, 4.1 og 4.3; tilmæli um prófanir, liðir 5.1 til 5.16 og liður 5.20 í 1. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 811; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 4.2; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1006 eða annar viðeigandi staðall fyrir efni til skrokkshjúpunar eða logavarnarhjúpunar.</p>	<p>A.1/1.13</p>	<p>Harðir björgunarflekar – Strandgæslan (G-MSE-4). Gátlisti fyrir endurmat, 27. júlí 1998.</p>
<p>Sjálfrettandi harður björgunarfleki.</p> <p>Ath.: Samningurinn fjallar ekki um öryggisumbúðir.</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, 4.1 og 4.3; tilmæli um prófanir, liðir 5.1 til 5.16 og 5.18 til 5.21 í 1. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 809; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 811; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 4.2; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1006 eða annar viðeigandi staðall fyrir efni til skrokkshjúpunar eða logavarnarhjúpunar.</p>	<p>A.1/1.14</p>	<p>Harðir björgunarflekar – Strandgæslan (G-MSE-4). Gátlisti fyrir endurmat, 27. júlí 1998.</p>

Vörueiti	Gildandi alþjóðlegir gerningar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
<p>Yfirbyggður harður björgunarfleki sem snúa má við.</p> <p>Ath.: Samningurinn fjallar ekki um öryggisumbúðir.</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2, 4.1 og 4.3; tilmæli um prófanir, liðir 5.1 til 5.16, 5.18 og 5.21 í 1. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 809; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 811; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 4.2; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1006 eða annar viðeigandi staðall fyrir efni til skrokkshjúpunar eða logavarnarhjúpunar.</p>	A.1/1.15	Harðir björgunarflekar – Strandgæslan (G-MSE-4). Gátlisti fyrir endurmat, 27. júlí 1998.
<p>Sjóstýrður búnaður fyrir björgunarfleka (þrýstistýrður losunarbúnaður).</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2 og 4.1.6.3; tilmæli um prófanir, 11. þáttur í 1. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 4.3.1;</p>	A.1/1.16	Safn alríkisreglugerða í Bandaríkjunum nr. 46 - 160.062.
<p>Losunarbúnaður fyrir (a)björgunarbáta og léttbáta og (b)björgunarfleka með falli.</p> <p>Takmarkast við sjálfvirkan losunarkrök fyrir björgunarfleka sem eru sjósettir með bátsuglum (sjóstýrðri losun).</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2 og 6.1.5; tilmæli um prófanir, þáttur 8.2 í 1. hluta og liðir 6.2.1 til 6.2.4 í 2. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 6.1.3.</p>	A.1/1.26	(Ekkert umfram alþjóðlega gerninga.)
<p>Skipulag á því að yfirgefa skip.</p>	<p>Reglur um björgunarbúnað, eftirtaldir þættir: 1.2 og 6.2; tilmæli um prófanir, 12. þáttur í 1. hluta; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 980, þáttur 6.2.</p>	A.1/1.27	(Ekkert umfram alþjóðlega gerninga.)

Eldvarnir:

Vöruheiti	Gildandi alþjóðlegir gæringar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
Grunnefni þilfara.	Reglur um brunaprófunaraðferðir (FTP), 2. og 6. hluti 1. viðauka, 2. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.687(17); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1004.	A.1/3.1	(Ekkert umfram alþjóðlega gæringa.)
Eldtraustleiki skilrúma í A- og B-flokki, meðal annars: þilja (gluggalausra) þilfara. Eldvarnarhurðir (hámarksstærð glugga 645 cm ²). Loft og klæðning.	SOLAS II-2/3.2; II-2/3.4; reglur um brunaprófunaraðferðir (FTP), 3. hluti 1. viðauka og 2. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1004; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1005.	A.1/3.11	(Ekkert umfram alþjóðlega gæringa.)
Eldtraust efni.	SOLAS II-2/3.33; reglur um brunaprófunaraðferðir (FTP), 1. hluti 1. viðauka og 2. viðauki.	A.1/3.13	(Ekkert umfram alþjóðlega gæringa.)
Eldvarnarhurðir. Takmarkast við gluggalausar eldvarnarhurðir eða eldvarnarhurðir með hámarksstærð gluggarýmis sem er 645 cm ² á hvorum hurðarvæng. Samþykki takmarkast við hámarkshurðarstærð sem er prófuð. Nota ber hurðir með brunaprófuðum körmum.	SOLAS II-2/9.4.1.1.2, II-2/9.4.1.2.1 og II/9.4.2; reglur um brunaprófunaraðferðir (FTP), 3. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916; umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 1004.	A.1/3.16	(Ekkert umfram alþjóðlega gæringa.)
Stýrikerfi eldvarnarhurða.	SOLAS II-2/9.4.1.1.4; reglur um háhraðaför (HSC) frá 1994, liður 7.9.3.3; reglur um háhraðaför (HSC) frá 2000, liður 7.9.3.3; reglur um brunaprófunaraðferðir (FTP), 4. hluti 1. viðauka.	A.1/3.17	(Ekkert umfram alþjóðlega gæringa.)

Vörueiti	Gildandi alþjóðlegir gæningar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
Yfirborðs- og gólfefni með lágt eldsútbreiðslumark. Takmarkast við óvarða loft-, vegg- og gólfleti. Gildir ekki um rör, röra- og klæðningu eða kapla.	SOLAS II-2/3.29; reglur um háhraðaför (HSC) frá 1994, liðir 77.4.3.4.1 og 7.4.3.6; reglur um háhraðaför (HSC) frá 2000, liðir 7.4.3.4.1 og 7.4.3.6; reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 2. og 5. hluti 1. viðauka og 2. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.653 (16); ISO-staðall nr. 1716 (1973); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916, 1004 og 1008.	A.1/3.18	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Veggþjöld, gluggatjöld og önnur textílefi til að hengja upp og filmur.	SOLAS II-2/3.40.3; reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 7. hluti 1. viðauka.	A.1/3.19	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Bólstruð húsgögn.	reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 8. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.652 (16).	A.1/3.20	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Sængurfatnaður.	reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 9. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.688 (17).	A.1/3.21	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Brunalokur.	SOLAS II-2/9.4.1.1.8 og II/9.7.3.1.2; reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 3. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916.	A.1/3.22	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Gegnumtök rafmagnskapla, röra, stokka og lagna o.s.frv. í gegnum skilrúm í A-flokki.	SOLAS II-2/9.3.1; reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 3. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916 og 1004.	A.1/3.26	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)
Gegnumtök röra, annarra en úr stáli og kopar, í gegnum skilrúm í B-flokki.	SOLAS II-2/9.3.2.1; reglur um brunapröfunaraðferðir (FTP), 3. hluti 1. viðauka; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18); umburðarbréf siglingaöryggisnefndar IMO nr. 916 og 1004.	A.1/3.27	(Ekkert umfram alþjóðlega gæninga.)

Siglingatæki og siglingabúnaður:

Vörueiti	Gildandi alþjóðlegir gæringar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
Seguláttaviti	SOLAS V/19.2.1.1; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.382 (X);; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 449 (1997), nr. 694 (2000), nr. 1069 (1973), nr. 2269 (1992), IEC-staðall nr. 60945 (1996).	A.1/4.1	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.101.
Segulstefnubúnaður með sendi (TMHD)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 86 (70), 2. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 11606 (2000), IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.2	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.102.
Snúðáttaviti	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.424 (XI); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 8728 (1997), IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.3	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.103.
Bergmálsdýptarmælir	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.224 (VII) eins og henni var breytt með ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 74 (69), 4. viðauka, Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 9875 (2000), IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.6	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.107.
Hraða og fjarlægðarmælir (SDME)	Reglur um háhraðaför (HSC) frá 1994, liður 13.3.2; reglur um háhraðaför (HSC) frá 2000, liður 13.3.2; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.824 (19) eins og henni var breytt með ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 96(72); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 60945 (1996), nr. 61023 (1999), nr. 61162.	A.1/4.7	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.105.
Snúningsvisir	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.526 (13); IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.9	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.106.

Vörueiti	Gildandi alþjóðlegir gerningar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
Lóran-C-búnaður	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.818 (19); IEC-staðall nr. 61075 (1991), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.11	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.135.
Chakya-búnaður	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.818 (19); IEC-staðall nr. 61075 (1991), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.12	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.136.
GPS-staðsetningarbúnaður	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.819 (19), ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 60945 (1996), nr. 61108-1 (1994), nr. 61162.	A.1/4.14	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.130.
GLONASS-búnaður	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 53 (66); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 61108-2 (1998), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.15	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.131.
Stefnustjórnunarkerfi, HCS	SOLAS V/24.1; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.342 (IX); eins og henni var breytt með ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 64 (67), 3. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 11674 (2000), IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.16	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.110.
ARPA-ratsjá (Ratsjárþúnaður notaður með ARPA-ratsjá skal vottaður af ESB sérstaklega og Bandaríkjunum sérstaklega.)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.823 (19); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 608721 (1998), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.34	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.120.
Sjálfvirkur ferilritari (ATA). (Ratsjárþúnaður notaður með sjálfvirkum ferilritara skal vottaður af ESB sérstaklega og Bandaríkjunum sérstaklega.)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 64(67), 4. viðauki, 1. viðbætur; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 60872-2 (1999), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.35	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.111.

Vöruheiti	Gildandi alþjóðlegir gæringar um smíða-, nothæfis- og prófunarkröfur.	Tæknireglugerðir EFTA ríkjanna innan EES, atriðisnúmer gefið til kynna í viðauka A.1 við tilskipun 96/98/EB, með áorðnum breytingum.	Bandarískar tæknireglugerðir.
Rafeindastýrð útsetning (EPA). (Ratsjárnúnaður notaður með rafeindastýrðri útsetningu skal vottaður af ESB sérstaklega og Bandaríkjunum sérstaklega.)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 64(67), 4. viðauki, 2. viðbætur; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 60872-3 (2000), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.36	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.121.
Samþættur búnaður í brú	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr.64 (67), 1. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 61209 (1999), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.28	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.140.
Siglingarití (VDR)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.861 (20); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 61996 (2000), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.29	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.150.
Snúðáttaviti fyrir háhraðaför	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.821 (19); ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ISO-staðall nr. 16328 (2001), IEC-staðall nr. 60945 (1996), IEC-staðall nr. 61162.	A.1/4.31	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.203.
Almennt, sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS)	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 74 (69), 3. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); ITU R. M. 13711 (10/00) IEC-staðall nr. 61993-2 (2002), nr. 60945 (1996), nr. 61162	A.1/4.32	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.155. Ath.: Að auki er gerð krafa um að Eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta í Bandaríkjunum veiti leyfi fyrir fjarskiptasendinum.
Stjórnúnaður fyrir siglingaleið	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 74 (69), 2. viðauki; ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.694 (17); IEC-staðall nr. 62065 (2002), nr. 60945 (1996), nr. 61162.	A.1/4.33	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.112.
Ratsjárspegill	Ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.384 (X); IEC-staðall nr. 60945 (1996), ISO-staðall nr. 8729 (1997).	A.1/4.39	Umburðarbréf um siglingar og skipaskoðun, NVIC 8-01, 4. fylgiskjal, 2/165.160.

III. VIÐAUKI
Umsýslustofnanir.

EFTA-ríkin innan EES

Bandaríki Norður-Ameríku

Ísland:
Siglingastofnun Íslands
Vesturvör 2
P.O. Box 120
IS-202 Kópavogur
Sími: +354 560 0000

United States Coast Guard
Office of Design and Engineering Standards (G-MSE)
2100 Second Street S.W.
Washington DC 20593

Liechtenstein:
Ríkisstjórn Liechtenstein²

Noregur:
Norwegian Maritime Directorate
Post-box 8123 Dep.
0032 Oslo
Norway
Sími: +47 22.45.45.00
Bréfasími: +47 22.45.87.80

- 1 „Reglur um björgunarbúnað“ vísa til alþjóðareglna um björgunarbúnað sem voru samþykktar 4. júní 1996 (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.48(66)). „Tilmæli um prófanir“ vísar til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um prófanir björgunarbúnaðar sem voru samþykkt 6. nóvember 1991 (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.689(17)) eins og henni var breytt 11. desember 1998 (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC.81(70)).
- 2 Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar umsýslustofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

**AGREEMENT
BETWEEN THE UNITED STATES OF AMERICA
AND THE EEA EFTA STATES
